



FÉLAG ÍSLENSKRA SKIPSTJÓRNARMANNA

Alþingi

Erindi nr. P 128/ 989

komudagur /B. 2. 2003

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarritari fr. Helga E. Þórisdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. febrúar 2003.
c:/2003/alþingi/björgunarsveitir

Efni: Frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 375. mál.

Félag íslenskra skipstjórnarmanna hefur yfirfarið umrætt frumvarp í samráði við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og er umsögn félagsins eftirfarandi:

Fagnað er framkomnu frumvarpi um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn sem talið er mikið framfaraspor.

Við 1. gr. er gerð eftirfarandi athugasemd og breytingatillaga, *skáletruð*.

Í greininni er kveðið á um að lögini taki til björgunarsveita og björgunarsveitamanna sem starfa innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita.

Þar sem orðið “viðurkenndra” er notað telur félagið nauðsynlegt að fram komi hver viðurkenni og með hvaða skilyrðum, án þess að vera íþyngjandi, ella sé orðið án merkingar. Með því að binda skilyrði til viðurkenningar við 5. gr. frumvarpsins telur félagið jafnframt eðlilegt að viðurkenningin sé á hendi dómsmálaráðherra þótt starfsemi björgunarsveita geti fallið undir stjórnvald annarra ráðuneyta eftir atvikum (sjá breytingartillögu).

Hvað varðar setningarbrotið í 1. gr, “innan viðurkenndra heildarsamtaka björgunarsveita” telur félagið að gildissvið laganna sé þar þrengt óþarflega, þar sem skilyrt er að björgunarsveit þurfi að vera innan heildarsamtaka til að falla að gildissviði laganna. Telur félagið ekki loku fyrir það skotið að stofnaðar geti verið fullkomnar björgunarsveitir í framtíðinni, á sjálfbodagrunni, sem telji hag sínum betur borgið utan heildarsamtaka.

1. gr. breytingartillaga.

Lög þessi taka til björgunarsveita og björgunarsveitarmanna sem starfa innan viðurkenndra [.....] björgunarsveita. *Dómsmálaráðherra veitir heildarsamtökum björgunarsveita viðurkenningu fyrir hönd björgunarsveita, eða einstökum björgunarsveitum utan samtaka, að uppfylltum skilyrðum 5. gr.*

Við 4. gr. er gerð eftirfarandi athugasemd og breytingatillaga, skáletruð.

Eins og kunnugt er geta mannhvörf, slys og óhöpp á landi, í lofti eða á legi verið af sagnæmum orsökum. Án þess að leggja megi niðrandi merkingu í þá athugasemd fer ekki hjá því að við björgun fer oft kappið fram úr forsjá þannig að rannsóknargögn á vettvangi atburðar geta spillst. Á þetta bæði við um björgunina sjálfa og einnig þá líkn sem veitt er þolendum bæði mönnum og dýrum. Því leggur félagið til að eftirfarandi 3. mgr. verði bætt við 4. gr. laganna.

4.gr. 3. mgr. viðbót.

Björgunarsveitarmönnum er skylt að gæta að því að rannsóknargögnum á vettvangi atburðar sem fengist er við verði ekki spillt meira en nauðsyn krefur til að bjarga og líkna lífi eða verja verðmæti tjóni.

f.h. Félags íslenskra skipstjórnarmanna

Virðigarfyllst


Guðjon Petersen